

BRYNID

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

1. árg. 2. tbl.


maí 1996

Stjórn skiptir með sér verkum

Stjórn Félags Áhugamanna um Tréskurð hefur skipt með sér verkum. Auk Everts Kr. Evertssonar, sem kjörinn var formaður í sérstakri kosningu á stofnfundi félagsins, eru eftirtaldir í stjórn félagsins: Jón Adólf Steinólfsson, varaformaður, Sveinbjörn Kristjánsson, gjaldkeri, Vilhjálmur Siggeirsson, ritari, og Stefán H. Erlingsson, meðstjórnandi.

Höfðaletur Dr. Gunnlaugs S.E. Briem

Leturfræðingurinn Dr. Gunnlaugur S.E. Briem hefur búið til höfðaletur fyrir tölvur. Letrið er sjálfstætt að því leiti að það byggir ekki á neinni ákveðinni gerð höfðaleturs. Letrið heldur þó öllum einkennum höfðaleturs, það hefur gotneska lágstafi sem fyrirmynd og leggir á hafa svo og brot í stöfum líkja eftir bendilskrift. Letrið tekur ekki sérstakt mið af skurðtækni, heldur virðast hagræðingarsjónarmið tölvunnar og texta á pappír frekar hafa ráðið gerð stafanna. Gaman væri þó að sjá hvernig letrið færi skorið í tré. Hér fylgja upphafsstafir félagsins í þessu letri:



EFNAGERÐ LAUGARNESS
Smiðjuvegi 28C · P.O. Box 409
202 Kópavogur
Sími 567 0150 · Fax 567 0185

Úrval af járnum
komið á lager

Dagskrá félagsins:

- 12. júní Frestur til að tilkynna þátttöku í vorsýningu félagsins
- 15.-16. júní Samsýning Félags Áhugamanna um Tréskurð í húsakynnum Íspan, Smiðjuvegi 7, Kópavogi.
- 15. ágúst Skilafrestur fyrir samkeppni um merki félagsins.

Vorsýning 1996

Fyrsta sýningin á vegum félagsins verður haldin helgina 15.-16. júní í húsakynnum Íspan í Kópavogi. Á sýningunni verða sýndir munir sem félagsmenn eru að vinna að og er markmið sýningarinnar að gefa yfirlit yfir útskurð félagsmanna.

Jón Adólf Steinólfsson, sem er í sýningarnefnd, var inntur eftir því hvernig undirbúningi sýningarinnar miðaði: "Við vitum að mikill fjöldi fólks fæst við útskurð í dag. Þessi fjöldi er mun meiri en við höfðum reiknað með eins og fram kom við stofnun félagsins. Hins vegar vitum við ekki hvað fólk er að skera út, hvort það er að fást við fornan höfðaletursskurð á spæni og aska, teglir fugla og fiska, eða sker út tréstyttur. Því er það mikilvægt að halda opna sýningu með sem almennastri þátttöku þar sem útskurðarmönnum gefst kostur á því að sjá hvað aðrir eru að gera og sýna öðrum eigin verk. Við reiknum með að á sýningunni komi fram hver áhugasvið fólks eru, hvaða tækni er notuð og hver fjöldi útskurðarmanna er á hverju sviði. Í framhaldi af því verður hægt að skipuleggja fræðslu og námskeiða-

starf á vegum félagsins og halda síðan deildarskipta sýningu, jafnvel strax næsta haust.

Eins og áður er nefnt verður sýningin í húsakynnum Íspan við Smiðjuveg í Kópavogi og verður opnuð laugardaginn 15. júní kl. 13:00. Sýningin stendur síðan fram á sunnudag. Opnunartímar verða milli 13-18 báða daga. Undirbúningur hefur gengið að óskum, þó hefur fólk verið tregt að skrá sig, enn sem komið er".

Jón Adólf bað blaðið að koma því á framfæri að eindregið væri mælt til að sem flestir félagar sýndu einhverja muni á sýningunni. "Þessi sýning er ekki keppni um form og tækni, heldur á hún að gefa raunsanna mynd af því sem fólk er að skera út í dag". Jafnframt bað hann fólk um að skrá sig hið allra fyrsta hjá einhverjum eftirtalinna:

Jón Adólf: 896-6234
Örn: 551-2517
Bjarni Þór: 568-4654
Halldór: 565-6122

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

BRÝNIÐ - Fréttablað
Áhugamanna um Tréskurð
Pósthólf 409, 202 Kópavogur
Ábyrgðarmaður:
Evert Kr. Evertsson
Ritstjóri:
Halldór Kr. Júlíusson



Félagsmenn skoða safn útskurðarmuna Halldórs Einarssonar á Selfossi

Viðarmiðlun

Föstudaginn 7. júní s.l. var sölulager með ísleskum smíðavið formlega opnaður á vegum Skógræktar Ríkisins í Suðurhlíðum 38 í Reykjavík. Þar eru á boðstólum yfir 35 viðartegundir sem allar eiga það sammerkt að hafa vaxið á Islandi. Viðurinn er seldur bæði þurrkaður og blautur, í lurkum og í fjölum. Verði er mjög stillt í hóf. Að hluta kemur viðurinn frá Sorpu, sem heldur til haga öllum stærri trjám sem til hennar berast. Að hluta er viðurinn (lerki og birki) frá framleiðendum. Hugmyndin kom upp á sýningunni í Perlunni fyrir tæpu ári, að auðvelda handverksmönnum aðgang að smíðavið og að nýta trjámagn, m.a. úr görðum, sem hingað til hefur verið hent. Viðarmiðlunin er opin á venjulegum verslunartíma. Sími Viðarmiðlunarinnar er: 554-3800.

Ferð um Suðurland

Sunnudaginn 5. maí var farin fyrsta skipulagða fræðsluferðin á vegum félagsins.

Þátttakendur voru hátt í 40 og varð að fá stærri rútu en fyrirhugað var vegna góðrar þátttöku.

Matthías Andrússon var fararstjóri okkar í þessari ferð. Fræddi hann okkur um staðhætti, örnefni og sagnir á leiðinni og var framlag hans þakkað með miklu lófataki í ferðalok.

Þórður Tómasson, safnvörður á Skógum, tók vel á móti okkur og fræddi um útskorna muni á Byggðasafninu. Var góður rómur gerður að frásögn hans og fróðleik. Þá spilaði hann á orgel og langspil og tóku félagar hressilega undir í söng.

Á Selfossi var Listasafn Árnesinga

skoðað og fræddi Lýður Pálsson safnvörður okkur um safnið og hélt erindi um ævi og útskurð Halldórs Einarssonar, tréskurðarmeistara.

Það var þreytt en ánægt tréskurðarfólk sem kom til Reykjavíkur um kvöldmatarleytið, en þá áttu nokkrir félagar eftir ferð til Keflavíkur. Segja má að þátttakendur hafi haft bæði gagn og gaman af ferðinni, þó veðrið hefði mátt vera betra að Skógum.

Með haustinu verður hugað að næstu ferð félagsins á vegum fræðslu- og ferðanefndar. Óskir og ábendingar félagsmanna um staði þar sem áhugaverðan útskurð er að finna, innanlands sem utan, eru vel þegnar. Hafið samband við undirritaðan í síma: 553-7768.

Vilhjálmur Siggeirsson

BRÝNIÐ

Fréttablað Félags Áhugamanna um Tréskurð

Innritað til
póstflutnings

SIGURJÓN GUNNARSSON
ESPIGERÐI 2

108 REYKJAVÍK

1. árg. 2. tbl.

BRÝNIÐ - Fréttablað Félags
Áhugamanna um Tréskurð
Pósthólf 409, 202 Kópavogur